

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd

Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 13. 11. 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um athugun á orsökum fyrir háu matvælaverði á Íslandi samanborið við önnur Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins, þingskjal 3. - 3. mál - 128. löggjafarþing 2002-2003.

Samtök atvinnulífsins telja að sú athugun sem þingsályktunartillagan kveður á um geti leitt mikilvægar upplýsingar í ljós og leiðrétt misskilning sem borið hefur á í almennum umræðum um samanburð á almennu verðlagi og þróun þess héraðs og í nágrennlöndum. Þess vegna taka Samtök atvinnulífsins undir þá tillögu að slík athugun fari fram.

Miklar kröfur verður hins vegar að gera um vinnubrögð og faglegan grunn í slíkri athugun. Fullnægja ber fræðilegum skilyrðum og tryggja að hér verði í raun um heildstæða og málefnalega rannsókn að ræða á forsendum fyrir hærra matvælaverði héraðs en er í þeim löndum öðrum sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni.

Mörg tilefni hafa gefist til þess að vara alveg sérstaklega við því að menn reyni að einfalda þessi mál um of.

Í vandaðri rannsókn má leiða í ljós forsendur sem sýna tengsl verðlags hér á landi og í nágrennlöndum við áhrifamikla samanburðarþætti, svo sem verga landsframleiðslu á mann, launastig og almennan kaupmátt, gengisþróun og fjármagnskostnað, skattheimtu, stærð markaðar og fyrirtækja, o.fl. Athugun á flutningskostnaði hlýtur að verða sérstakur áhersluþáttur í slíkri rannsókn, og einnig á því hvernig nauðsynlegir vöruflutningar verka á aðra þætti, svo sem fjármagnskostnað, veltuhraða, rýrnun, tryggingar, o.fl.

Ennfremur skiptir máli að sýnd verði tengsl verðlags við stefnu stjórnvalda í hverju landi, t.d. varðandi innlendar vörur, einkum landbúnaðarvörur, og að því er snertir kröfur um eftirlit, gæði, hollustuhætti o.fl. sem hafa mikil áhrif á verðmyndun.

Það skiptir máli að rannsóknin taki eðlilegt tillit til þeirrar þróunar sem orðin er í smásöluverfsemi í þeim löndum sem valin verða til rannsókna. Smásöluverfsemi er ekki með sama skipulagi í öllum löndum Evrópu og lýtur alls ekki alls staðar sams konar reglum eða rekstraraðstæðum, og er nauðsynlegt að hafa þetta í huga til þess að samanburður verði marktækur. Meðal fjöldamargra atriða má nefna umfang greiðslukortaviðskipta í smásöluverfsemi og kostnað þeirra vegna, svo og vægi útsölu og verðtilboða.

Fyrir verður að liggja gagnsæ skilgreining á vöruverði, vöru og vörueiningum, enda ljóst að smásöluverslunin í hverju landi starfar með mismunandi eigin innri skiptingu og skilgreiningar, þ. á m. mismunandi verðflokka eftir verslunaraðstæðum og öðrum samkeppnisþáttum en verðlagi.

Einnig ber að hafa í huga að mismunur er á þjóðlöndum Evrópu að því er lýtur að einkennum markaðarins, meðalaldri, neysluvenjum, byggðardreifingu, o.s.frv. Mikilvægt er að tekið sé tillit til slíkra áhrifaþátta til þess að samanburðarrannsókn verði marktæk.

Ástæða er til að minna á nauðsyn þess að leitt verði í ljós hvort eða hvernig unnt má verða að sérgreina slíka rannsókn við smásölustigið andspænis framleiðslu- og heildsölustigi.

Samtök atvinnulífsins telja tímabært að rannsókn sú sem hér er vikið að eigi sér stað. Samtökin lýsa vilja sínum til samstarfs við stjórnvöld um undirbúning og framkvæmd slíkrar rannsóknar og æskja þess að eiga aðild að undirbúningi og framkvæmd málsins.

Virðingarfyllt,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri